

42
10. maí

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á lögreglusamþykkt fyrir Húsavíkur þorp.

Samkvæmt lögum nr. 18, 20 okt. 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hjer með staðfest eftirfarandi lögreglusamþykkt fyrir Húsavíkur þorp, sem samið hefir hreppsnefnd Húsavíkurhrepps:

Lögreglusamþykkt fyrir Húsavíkur þorp.

I. kafli.

Um velsæmi og hegðun.

1. gr.

Bannaður er mannsöfnuður eða uppþot, sem raska reglu eða tálma umferð á götum og almannafæri. Bannaður er einnig um nætur á almannafæri allur óþarfur hávaði, sem raskar svefnfriði manna.

2. gr.

Enginn má að þarflausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða ónáða íbúa húsa.

3. gr.

Bönnuð eru skot á almannafæri og nálægt íbúðarhúsum. Ennfremur er bannað að kasta steinum á almannafæri eða öðru því, sem meiðslum getur valdið, og sömuleiðis öllum óþverra, sem spilt getur klæðum manna.

4. gr.

Drukna menn, ósjálfbjarga á götu eða almannafæri, skal flytja á óhultan stað, og geyma þá þangað til þeir koma til sjálfs sín aftur. Drukna menn, sem gera hávaða og óspektir eða valda öðrum mönnum leiðindum og óþægindum, má setja í varðhald, ef þeir skipast ekki við munnlegar áminningar lögregluvaldsins.

5. gr.

Bannað er bæði fullorðnum og börnum að fremja knattleiki á götum og sömuleiðis á húsum manna án leyfis. Ennfremur er þeim bannað að berja utan símastaura

og rafleiðslustaura, kasta í símaþræði og rafþræði eða slá í þá, og að hreyfa á nokkurn hátt við götu- og bryggjuljósum.

42
10. maí

Banna má barnaleiki á almanna færi, þegar lögregluvaldinu þykir ástæða til.

6. gr.

Ennfremur er bannað á almannafæri alt ósæmilegt framferði, sem hjer er ótalið að framan, t. d. synda nakinn við bryggjur eða fjörur fram undan aðalbygð þorpsins, fletta sig klæðum eða gera annað það sem hneykslanlegt þykir.

II. kafli.

Umferð.

7. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á götu eða almannafæri til að selja vöru, reka aðra atvinnu eða aðhafast neitt það, er tálmar umferð manna.

8. gr.

Þeir, sem óstálpuð börn eiga að annast, eru skyldir til að gæta þess að tilhlýðilegt eftirlit sje haft með þeim börnum, þegar þau eru á götum, bryggjum eða á almanna færi.

9. gr.

Á götum eða almanna færi má ekki vera neitt það, sem tálmar umferð, hvorki vörur nje annað. Þó mega þeir, sem flytja að sjer vörur, eldsneyti, hey eða annað, og eigi geta lagt það á eigin lóð, leggja þessa hluti á götubrúu eða meðfram götum. en teknr skulu þeir sem fyrst burtu aftur. Hjólbörur, vagnar eða sleðar, hvort sem hestur er fyrir eða ekki, mega ekki standa á götum lengur en óhjakvæmilegt er til að hlaða tæki þessi og losa.

10. gr.

Enginn má ríða eða aka harðara á götu en á hægu brokki, og er hverjum manni skylt að gæta þess, að umferð hans verði ekki öðrum til tjóns.

11. gr.

Hjólreiðamenn skulu fara hægt og gætilega um götur kaupsins, og er þeim skylt að hringja bjöllu í tæka tíð til aðvörunar. Luktir skulu þeir hafa á hjólunum, og tendra þær þegar skyggir.

12. gr.

Bannað er að láta hesta ganga lausa um götur kaupsins fremur en nauðsynlegt er. Fælnir og hrekkjóttir hestar mega ekki ganga lausir.

42

10. maí

Þegar hús eru rifin eða byggð, skal húseigendum skylt að hlíta fyrir mælum lögregluvaldsins um frágang á rusli og efni, svo að það valdi ekki farartálma, hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

14. gr.

Bannað er að láta liggja úti lauslega muni, sem fokið geta og með því valdið tjóni, svo sem borð, járnplötur o. fl., nema bundið sje festum eða fargi.

15. gr.

Seglfestugrjóti eða nokkrum öðrum harka má ekki kasta í lendingu, nema þegar sje burtu tekið. Einnig er bannað að skilja eftir í lendingu eða á almanna færi úrgang sjávarafurða, sem getur orðið skepnum að meini.

16. gr.

Skylt er mönnum að setja báta sína samkvæmt fyrir mælum hreppsnefndar. Báta, sem undan sjógangi eru settir í bili á alfaraleið að fjöru, er skylt að flytja burtu þegar sjógangi slotar.

17. gr.

Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kaптúninu, skulu tafarlaust koma hestum sínum í hús eða haga eftir tilvísun hreppsnefndar, nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á afgirtum túnlóðum einstakra manna.

18. gr.

Mætist menn á götu eða almanna færi, gangandi, riðandi eða akandi, skulu þeir ávalt víkja til vinstri handar.

III. Kafli.

Um byggingar, mannvirki og lóðir.

19. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka eignir eða muni hreppsins: stræti, vegi, býr, vatnsból, byggingar eða annað þviumlíkt, sem ætlað er til almennings afnota.

20. gr.

Enginn má án leyfis hreppsnefndar stífla læki eða ár í landi hreppsins, breyta farvegi þeirra eða leiða úr þeim kvíslar. Nú er einhverjum leyft þetta, og er hann skyldur til að gæta þess, að vatn það, sem hann leiðir, valdi engum tjóni eða óþægindum, hvorki með því að það renni inn í hús nje falli yfir vegi til farartálma og skemda.

21. gr.

Enginn má veiða silung í Botnsvatni frá 15. ágúst til 15. okt. ár hvert. Á öðrum tíma má með leyfi hreppsnefndar veiða þar silung í lagnet, á stöng og dorg. Önnur veiðitæki má ekki nota nema óvanalegar ástæður krefjist þess að dómi hreppsnefndar.

42
10. mai

22. gr.

Enginn má í landi hreppsins rista torf eða streng, stinga hnausa, rífa hrís eða lyng, nytja slægjur eða taka grjótt og mól án leyfis og tilvísunar hreppsnefndar.

23. gr.

Skylt er hverjum, er tekur svörð í landi hreppsins, að ganga svo frá gröfum og haga grefti svo, að ekki stafi hætta af, enda má enginn taka upp svörð í landi hreppsins, nema með leyfi og eftir tilvísun hreppsnefndar eða umboðsmanns hennar.

24. gr.

Öll áhöld, sem notuð eru til þess að hefja upp eða hleypa niður vörum eða öðru úr húsum á almanna færi og á bryggjum, skulu vera nægilega traust, og þeir sem með þau fara, skulu vera áreiðanlegir menn.

25. gr.

Enginn má byggja í landi hreppsins neins konar hús, hvorki til íbúðar, atvinnu, geymslu eða fyrir skepnur, og hvorki á lóðum einstakra manna, hvort sem lóðarhafi sjálfur vill byggja eða annar, nje á óleigðum lóðum, nema með leyfi hreppsnefndar (byggingarnefndar) og eftir fyrirmælum hennar. Sama gildir um fiskireiti, girðingar og önnur mannvirki.

26. gr.

Hús eða kofa, sem liggur við falli svo hætta eða óþægindi stafi af, ber eiganda eða umráðamanni að rífa eftir skipun hreppsnefndar (byggingarnefndar), eða veita þeim nægilega viðgerð eftir fyrirmælum sömu nefndar, leyfi hún viðhald eða endurbýggingu. Hálfallnar girðingar er skylt að laga svo fljótt sem unt er, ella taka þær burtu.

27. gr.

Enginn má á nokkurn hátt spilla eignum einstakra manna eða lýta þær, svo sem með því að fara yfir girðingar, ríða, aka eða ganga án leyfis utan vegar yfir tún, garða eða afgirt svæði, hvorki sumar nje vetur.

IV. kafli.

Um skepnuhald og ágang.

28. gr.

Enginn má láta sauðfje, geitur, kýr eða hesta ganga gæslulaust svo að óskunda geri, hvorki fari inn á tún, umgirt svæði og garða eða skemmi fisk. Sama gildir um hænsn og aðra alifugla. Sjerstaklega ber skepnueigendum að hafa strangt eftirlit með þessu frá 25. maí til 20. sept. árlega. Á þeim tíma verður að hafa geitur í öruggri gæslu, bæði til beitar og eins þegar þær eru reknar heim til hýsingar eða mjalta eða frá, enda sjeu hýsingarstaðir geita ákveðnir eða leyfðir af hreppsnefndinni. Kiðlinga, dílkær og geldfje má ekki hafa eftir 25. júní innan heimalandsgrindringar hreppsins. Undanþágu frá þessu ákvæði getur þó hreppsnefnd gert í hörðustu árum.

29. gr.

Hundar mega ekki vera úti um nætur, svo að nokkru ónæði valdi þeim, er nálægt búa eða öðrum. Það er á ábyrgð eiganda, ef hundur hans ræðst á menn, bitur skepnur eða gerir annan óskunda.

Flækingshundar, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, skal lögreglustjóri láta handsama og auglýsa. Gefi eigandi sig ekki fram innan 3ja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, má drepa slíka hunda.

30. gr.

Skylt er stjórnarvöldum hreppsins að láta raunsaka einu sinni á ári hvað margir hundar eru í hreppnum, og skulu þau ákveða, hverjir teljast skuli nauðsynja hundar.

31. gr.

Skylt er öllum að hlýta fyrirmælum hreppsnefndar um hagbeit í landi hreppsins, bæði hvernig hagbeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana.

V. kafli.

Um samkomur og skemtánir.

32. gr.

Á almennum veitinga- og samkomustöðum má enginn sýna af sjer hávaða eða ósæmilega hegðun, og er húsráðanda skylt að afstýra því eftir megni.

33. gr.

Veitingastöðum skal lokað kl. 11 á kvöldin, og gestir, sem hafa þar ekki næturstað, skulu vera út farnir kl. 11 $\frac{1}{2}$. Samt getur lögreglustjóri veitt fjelögum eða einstökum mönnum leyfi til þess að halda fundi og skemtisamkomur án þess bundið sje við áðurnefndan tíma.

34. gr.

42

10. maí

Enginn má halda opinbera sjónleika, hlutaveltu, dansleik, myndasýningu, sam-söngva, fyrirlestra og aðrar opinberar skemtanir nema með leyfi lögreglustjóra, og greiði eftir ákvæðum hans í hvert sinn gjald í hreppssjóð, 2—50 kr.

35. gr.

Þegar opinberar skemtanir eru haldnar að kvöldi dags og fram á nótt í húsum, sem enginn býr í, skulu forstöðumenn skemtananna aðgæta að ekki stafi brunahætta af eldfærum þeim, sem notuð eru í húsinu.

36. gr.

Skylt er öllum forstöðumönnum opinberra samkvæma, sem hjer eru talin að framan, að hlíta fyrirælum heilbrigðisnefndar um hreinlæti og þrifnað, og getur heilbrigðisnefnd bannað samkomur, ef henni þykir ástæða til.

VI. kafli.

Um hreinlæti og þrifnað.

37. gr.

Skylt er öllum að hlíta fyrirælum heilbrigðisnefndar, samkvæmt heilbrigðis-samþykkt fyrir Húsavíkur þorp á sama hátt sem öðrum ákvæðum þessarar lögreglu-samþykktar.

VII. kafli.

Um brunamál.

38. gr.

Hreppsnefndin kýs 2 menn til 3 ára í senn, til þess, ásamt lögreglustjóra að halda uppi lögreglu þegar eldsvoða ber að höndum og skipa fyrir um slökkvitalraunir og björgun, og er öllum skylt að hlýða fyrirælum þeirra, enda eru allir verkfærir menn skyldir að láta alla þá aðstoð í tje, sem unt er, til að slökkva eldinn.

39. gr.

Að því er snertir eftirlit með eldstæðum í kaптúninu og hreinsun reykháfa, er öllum skylt að hlíta fyrirælum reglugjörðar um eftirlit eldstæða og hreinsun reykháfa í Húsavík,

VIII. kafli.

Ýmisleg ákvæði.

40. gr.

Hver sá, sem staddur er á almanna færi, er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögregluvaldið krefst þess.

41. gr.

Hver fulltíða karlmaður er skyldur, ef lögregluvaldið krefst þess, að veita því aðstoð til að afstýra óspektum og annari óreglu eða hefta þá, er slíku valda.

42. gr.

Hreppsnefnd og lögreglustjóri ákveður, hvar upp skuli festa auglýsingar hreppsins og aðrar opinberar auglýsingar, og eru hreppsfundir einungis löglega boðaðir á þeim stöðum. Aðrar auglýsingar má ekki festa upp á staði þessa. Bannað er að festa upp auglýsingar á símastaura og raffleiðslustaura í hreppnum.

43. gr.

Brot gegn ákvæðum samþyktaðar þessarar varða sektum alt að 1000 kr. Brijóti stálpuð börn og ófullveðja unglingar ákvæði samþyktaðar þessarar, greiði forsjármenn þeirra sektir fyrir þau brot.

Brot á samþyktaðar þessari, þau sem valda öðrum tjóni, varða auk sektanna skaðabótum, og ákveður lögreglustjóri hvernig meta skuli.

44. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþyktaðar þessari, eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið gera það. Kostnaður við þetta, og yfirleitt kostnaður sá, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþyktaðar þessari, greiðist af þeim sem brýtur, og má taka þann kostnað lögtaki samkv. lögum 16. des. 1885. Ef hlutaðeigandi reynist ekki fær um það við lögtakið, að borga kostnaðinn, greiðist hann úr hreppssjóði.

45. gr.

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af framkvæmd á samþyktaðar þessari, og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr hreppssjóði.

46. gr.

Samþyktaðar þessi gildir fyrir Húsavíkurhrepp; fyrst og fremst fyrir kaupþúnið sjálft þar með talið Húsavíkurtún, og fyrir aðra hluta hreppsins að svo miklu leyti sem við á,

47. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lög-
reglumál, og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í hreppssjóð.

42
10. maí

48. gr.

Samþykkt þessi skal birt í B-deild stjórnartíðindanna, og auk þess prentuð sjer-
staklega á kostnað hreppsins til útbýtingar meðal allra húsráðenda í hreppnum.

49. gr.

Breytingar á samþykkt þessari og viðauka við hana skal gera á sama hátt og
samþyktina sjálfa.

50. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. júní 1920.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. maí 1920.

Magnús Guðmundsson.

G. Sveinbjörnsson.

**Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Styrktarsjóð hjónanna Páls og Thoru
Melsteds«, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 17. maí 1920.** 43
17. maí

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

**fyrir »Styrktarsjóð hjónanna Páls og Thoru Melsteds«
handa ungum stúlkum.**

1. gr.

Sjóður þessi skal bera nafn stofnenda hans og heita: Styrktarsjóður hjón-
anna Páls og Thoru Melsteds. Nafni þessu má aldrei breyta.